

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148

18. mars 1982.

Staflíðir a—g í 3. gr. orðist svo:

- a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytis-sölur, skal greiða kr. 6 250 á ári fyrir vatnsnotin.
- b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg. sements-notkun, kr. 1.60.
- c) Vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2,00 og fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 4,10 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 2,20 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu, eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 6,30 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 7,80 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 27,50 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 275,00. Til annarra skipa kr. 37,50 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 375,00. Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar

nr. 60 21. febrúar 1973.

7. gr. orðist svo:

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks, skal greiða kr. 8 fyrir hvert landað tonn hráefnis.

Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 10 000 á ári fyrir vatnsnotkun.